



3. Fjárhagsáætlun yfirlit A og B hluti

03.1 Fjárfestingar og viðhald 2025 (útgáfa 8).

Uppfærð útgáfa af fjárhagsáætlun A og B hluti ásamt breytingum á fjárfestingum og viðhaldi, uppfært.

Bókun um afgreiðslu: Byggðaráð gerir að tillögu sinni eftirfarandi breytingar á fjárfestingum:

Til lóðar við grunnskóla verði veitt 38 milljónum á árinu 2025.

Til viðgerðar á sparkvellingum verði veitt 8,2 milljónum árið 2025.

Til slökkviliðs verði veitt 45 milljónum á árinu 2025 og 26 milljónum á 3 ára áætlun.

Nefndin vísar áætluninni með áorðnum breytingum til síðari umræðu í sveitarstjórn 12.12.2024

Byggðaráð mælist til þess að velferðar- og fræðslunefnd verði til samráðs um framkvæmdir á skólalóðum.

Samþykkt samhljóða.

12. Beiðni um fjárstyrk frá félagi eldri borgara vegna ferðar.

Félag eldri borgara hefur sent beiðni um fjárstyrkt vegna ferðar félagsins.

Bókun um afgreiðslu: Byggðaráð leggur til fjárstyrk að upphæð kr. 400.000.-.

Samþykkt samhljóða.

13. Bréf til sveitarfélaga frá Stígamótum um fjárstyrk vegna ársins 2025.

Félagið fer ekki fram á ákveðna upphæð en minnir á mikilvægi starfsins.

Bókun um afgreiðslu: Byggðaráð leggur til að samtökin verði styrkt um kr. 100.000.- á árinu 2025.

Samþykkt samhljóða.

14. Erindi frá lögreglustjóranum á NE með tillögu um framlag sveitarfélaga til starfsemi Bjarmahlíðar.



Bókun um afgreiðslu: Byggðaráð leggur til að orðið verði við óskum um framlag samkvæmt bréfi lögreglustjóra til sveitarfélaga og Langanesbyggð leggi til kr. 200.000.- til Bjarmahlíðar á árinu 2025.

Samþykkt samhljóða.

18. Erindi frá sóknarpresti um geðrækt á vegum kirkjunnar.

Sóknarprestur fer fram á framlag til fyrirlestrar halds á vegum kirkjunnar. Kostnaður er á bilinu 150-200 þúsund.

Bókun um afgreiðslu: Byggðaráð leggur til að framlag sveitarfélagsins verði allt að kr. 200.000.- til fyrirlestrahalds um geðrækt.

Samþykkt samhljóða.

19. Laugaskóli 100 ára.

Laugaskóli verður 100 ára haustið 2025. Af því tilefni er í ráði að ráðast í nokkur verkefni til að minnast tímamótanna. Sjá meðfylgjandi bréf frá skólameistara.

Bókun um afgreiðslu: Langanesbyggð tekur jákvætt í erindið en leggur til að fjármunir verði nýttir úr eignum Héraðsnefndar og leggur til við slitastjórn Héraðsnefndar að athuga styrkupp hæð sem gæti samsvarað 3 ára arðgreiðslna Skjálfandafljóts vegna Þingeyjar.

Samþykkt samhljóða.

22. Erindi frá bryggjuráði vegna beiðni um styrk vegna bryggjudaga 2024 -2025

Stjórn bryggjudaga óskar eftir 800.000 kr. fyrir árið 2025.

Bókun um afgreiðslu: Byggðaráð samþykkir umbeðna fjárhæð.

Samþykkt samhljóða.